



## REGLUGERÐ KRAFTLYFTINGASAMBANDS ÍSLANDS UM NEFNDIR Samþykkt á stjórnarfundi 28.oktober 2010

### I. Kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

#### 1.gr. skipun og umboð

Skv. 7. grein í lögum KRAFT getur stjórn skipað nefndir um ýmis mál. Nefndirnar starfa í umboði stjórnar og samkvæmt starfsreglum sett af henni.

#### 2.gr. fastanefndir

Stjórn KRAFT skal skipa eftirtaldar fastanefndir:

- mótanefnd
- fræðslunefnd
- dómaranefnd
- útbreiðslunefnd
- kynningar/fjölmiðlanefnd
- nefnd um fjáröflun
- landsliðsnefnd

Fastanefndir skulu skipaðar til tveggja ára í senn og skal formaður nefndar skipaður sérstaklega. Í nefnd sitja 3 – 5 menn.

#### 3.gr. skýrslur

Allar fastanefndir skila skýrslur til stjórn KRAFT um starfsemi sl árs í síðasta lagi mánuði fyrir kraftlyftingahringi.

# REGLUR UM DÓMARANEFND

## 1. skipun

Nefndin er skipuð af stjórn KRAFT til tveggja ára í senn og skal formaður nefndar skipaður sérstaklega. Í nefndina má skipa 3 – 5 menn og skulu þeir allir vera af dómaraalista KRAFT hverju sinni.

## 2 . fundir

Nefndin skal funda eins oft og þurfa þykir og ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Formaður boðar til funda og stjórnar þeim. Formanni er skylt að boða til fundar ef tveir nefndarmenn óska þess.

## 3. hlutverk og verkefni

Hlutverk nefndarinnar er að

- sjá til að dómaraalisti KRAFT sé réttur hverju sinni
- sjá til þess að keppnisreglur KRAFT séu ávallt í samræmi við keppnisreglur (technical rules) IPF.
- fylgjast með að eingöngu réttindadómarar dæma á mótum KRAFT
- hafa umsjón með a.m.k. einu dómaraþrófi í samráði við stjórn KRAFT
- aðstoða félög v.dómaramála eftir föngum
- tilkynna um agabrot dómara til stjórnar KRAFT

og önnur þau verkefni sem stjórn KRAFT kann að fela henni